

Dan-Inn ehf.
Skútuvogi 13a
104 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2022
UST202112-027/H.I.I.
07.06.02

Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingu sæfivara - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dagsett þann 3.12.2021 þar sem tilkynnt var um eftirlit með sæfivörum á markaði í vöruflokkum 7- rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu, 8 - viðarvarnarefni, 14 - nagdýraeitur, 18 - skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum og 21 - gróðurhindrandi vörur, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013.

Eftirlitið fór fram sama dag og var skoðað hvort að vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi skv. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur, sbr. reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og hvort að vörur með markaðsleyfi uppfylltu skilyrði um flokkun, merkingu og þökkun skv. sömu reglugerðum. Jafnframt var skoðað hvort að merkingar væru í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sbr. reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Eftirfarandi vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar hjá fyrirtækinu:

- Aqua Primer 2907-42 – Pure White 20 L
- Gori trætèrrasse specialolie
- Gori transparent træbeskyttelse – nr. 505

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi eða merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

Umhverfisstofnun veitir fyrirtækinu Dan-Inn ehf. frest til 24.1.2022 til að senda stofnuninni afrit af merkimiða fyrir vöruna Gori trætèrrasse specialolie þar sem bætt hefur verið úr frávikum vegna kröfu um að hættumerkingar séu á íslensku, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014. Markaðssetning vörunnar Aqua Primer 2907-42 er stöðvuð þar til krafa um markaðsleyfi hefur verið uppfyllt, sbr. 35. gr. efnalaga og 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014, sjá meðfylgjandi bréf um tímabundna stöðvun markaðssetningar.

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málsnúmerinu UST202112-027.

Umhverfisstofnun veitir fyrirtækinu Dan-Inn ehf. hér með frest til 17.1.2022 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 17.1.2022.

Umhverfisstofnun veur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.¹

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið hafdisi@ust.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla og bréf um tímabundna stöðvun markaðssetningar

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/>